

Nr. 18-152 S 101 Steinunn HF 108***Skipverji slasast við löndun***

Skipaskr.nr. 2736
Smíðaður: Hafnarfirði 2007, plast
Útgerð: Grunnur ehf
Stærð: 11,6 brl. 14,9 bt.
Mesta lengd: 13,01 m *Skráð lengd:* 11,35 m
Breidd: 3,74 m *Dýpt:* 1,43 m
Vél: Volvo Penta 368 kW, 2007
Fjöldi skipverja: 4



Steinunn © Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi þann 1. febrúar 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 7. júní 2018 var línuskipið Steinunn HF 108 við bryggju á Stöðvarfirði.

Verið var að landa og var einn skipverji uppi á bryggju að taka á móti körum. Lyftari sem var að hvolfa fisknum úr skipskörnum í landkör velti við kari og fór skipverjinn að tína fiskinn upp í karið. Rann hann þá til á bryggjunni og snéri sig á fæti. Hann þurfti að leita til læknis.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn rann til í fiskislori á bryggjunni og reif liðþófa á hægra hné i.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.